

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag Garðahverfis á Álftanesi.

Skipulagssvæðið er alls 79 hektarar og afmarkast að norðanverðu af Aukatjörn og Skógtjörn, að austanverðu af Garðavegi auk Grænagarðs, að sunnanverðu af Balatjörn og mörkum deiliskipulagssvæðis Hleina að Langeyrarmölum. Vesturmörk svæðisins er ströndin undan Garðahverfi að undanskildu svæði umhverfis fyrirhugaða skoldpælustöð.

Megintilgangur deiliskipulagsins er að festa í sessi framtíðarsýn fyrir Garðahverfi. Helstu áherslur þess eru að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja svæðisins og gera það aðgengilegt til útivistar og náttúruskoðunar. Sérstaklega er tekið mið af búsetulandslagi og aldagömlu hlutverki svæðisins, sem kirkju- og menningarstaðar. Um leið er lögð áhersla á að styrkja þá byggð sem fyrir er með takmörkuðum fjölda nýrra byggingarreita.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Garðaholts, samkomuhúss sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. október 2000 og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 749/2000.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 28. janúar 2014.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2014